

EFTIRLITSSKÝRSLA

Malbikstöðin Reykjavík - Esjumelar



Dags eftirlits	22.6.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Malbikstöðin	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Koparsléttu 6 - 8	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	540504-4660	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Matthías Matthíasson	ÍSAT nr.	23.99.0
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurður M. Harðarson	Staðsetning	64.195598 -21.695455

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt eldra frávík er enn opið þar sem úrbótum vegna magns PAH efna í útblæstri er ekki lokið. Tímasett úrbótaáætlun verður send eftirlitsaðila fyrir 15. september nk.

Eitt nýtt frávík frá kröfum í starfsleyfi fannst í eftirliti. Grænt bókhald stöðvarinnar barst eftir tilskyldan tíma. Reglugerð um grænt bókhald, nr. 851/2002 kveður á um að grænu bókhaldi skuli skila fyrir 1. maí ár hvert. Grænt bókhald stöðvarinnar hefur nú borist (barst 30. maí sl.) og því er frávíkinu lokað.

Bent er á að frágangi og fegrun lóðar þarf að ljúka á haustmánuðum..

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt í samræmi við reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Fyrir lá að skoða malbikunarstöð Malbikstöðvarinnar ehf. á Koparsléttu 6-8 á Esjumelum. Eftirlitið hófst á fundi í húsakynnum rekstraraðila við Koparsléttu 2 í Reykjavík. Á fundinum voru Matthías Matthíasson rekstrarstjóri framleiðslu og Sigurður M. Harðarson verkefnastjóri gæða-, umhverfis-, og öryggismála frá Malbikstöðinni ehf. og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun. Farið var í skoðunarferð um stöðina að fundi loknum.

Starfsleyfið veitir rekstraraðila heimild til að framleiða allt að 160 t/klst. af malbiki, auk þess að reka tengda starfsemi og þjónustu, endurvinna malbik og framleiða bikþeytu.

Dagskrá eftirlitsins:

- Rekstraraðili fer yfir stöðu rekstursins og sértaklega hreinsikerfa í frárennsli og útblæstri
- Olíumannvirki. Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017
- Farið yfir kröfur sem gerðar eru til starfseminnar
- Kynningar Umhverfisstofnunar
- Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2023
- Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir
- Skoðun

1. Rekstraraðili er að mestu búinn að koma sér fyrir á lóðinni Koparsléttu 6 – 8 , en hefur líka tekið nálægar lóðir í notkun undir verkstæði, sem og bíla- og tækjaaðstöðu. Stærstur hluti skjólveggja sem eiga að hefta fok hefur verið reistur en enn er fyrirhugað að reisa limgerði eða skjólveggi til norðurs.

Stærstu hluti lóðarinnar hefur verið malbikaður og stefnt er á að ljúka frágangi á lóð á næstu mánuðum. Vélsópur er notaður á yfirborðsfloti og þannig er ryki haldið í lágmarki. Meðhöndlun ofanvatns fer fram innan lóðar í samræmi við ákvæði í starfsleyfi.

Svifagnir og olía var mæld í frárennsli stöðvarinnar þann 14. júní sl. og mældust bæði innan losunarmarka. Útblásturmælingar voru gerðar þann 3. maí sl. og voru allar mælingar innan losunarmarka nema PAH mælingin sem var 0,022 mg/Nm³ sem er yfir losunarmörkum. Rekstraraðili hyggst ráðgast við framleiðanda malbikunarstöðvarinnar, Amomatic í Finnlandi og eins við evrópsk samtök malbiksframleiðenda (EAPA). Áætlað er að sú upplýsingaöflun taki fram í miðjan ágúst 2023. Rekstraraðili hyggst senda Umhverfisstofnun tímasetta úrbótaáætlun fyrir 15. september nk.

2. Upplýsingar um neyslugeyma á lóð rekstraraðila liggja fyrir og verður upplýsingum um þá deilt með Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkursvæðis.

3. Allar skriflegar áætlanir rekstraraðila sem starfsleyfið gerir kröfu um liggja fyrir. Allar nýlega uppfærðar. Mælingar á PAH efnum í útblæstri skorsteins eru enn yfir starfsleyfismörkum og er því er frávíki frá 1. febrúar sl. haldið opnu.

Rekstraraðili skal skila Grænu bókhaldi í samræmi við reglugerð nr. 851/2002, sjá ákvæði í starfsleyfi í grein 4.6. Grænt bókhald skal skilað fyrir 1. maí ár hvert. Grænt bókhald rekstraraðila barst 30. maí sl. og er það frávík frá kröfum í starfsleyfi. Frávíkinu er lokað þar sem gögnin hafa borist.

Skráningar samkvæmt gr. 4.1 í starfsleyfi snúa að viðhaldi, eftirliti og bilunum í hreinsikerfi í útblæstri (pokasiur) og

frárennsli (olíuskiljur). Eins skráningar á kvörtunum sem berast vegna starfseminnar, skráningar á hugsanlegum mengunaróhöppum, skráningar á magni og gerð úrgangsefna sem myndast í rekstrinum, sem og spilliefna. Halda þarf utan um kvittanir vegna förgunar á úrgangi og spilliefnum. Skráningar eru yfirfarnar í eftirliti.

4. Kynntur var gagnagrunnur sem Umhverfisstofnun safnar upplýsingum í, um svæði þar sem er mengaður jarðvegur eða grunur er um mengun. Ekki er líklegt að olíumengun finnist í jörðu á lóð Malbikstöðvarinnar enda stutt síðan reksturinn hófst og yfirborð lóðar að mestu malbikað.

Ný gjaldskrá Umhverfisstofnunar tók gildi 1. mars sl. og fylgdu upplýsingar um hana þegar eftirlitið var boðað.

Umhverfisstofnun hefur breytt verklagi sínu varðandi boðun eftirlita og mun héðan í frá boða reglubundnar vettvangsheimsóknir með skemmri fyrirvara en venja hefur verið. Tímasetning vettvangsheimsókna getur einnig verið utan hefðbundins skrifstofutíma, á kvöldin og um helgar.

5. Reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit nr. 550/2018 kveður á um að Umhverfisstofnun skuli gera áhættumat á fyrirtækjum sem farið er í eftirlit til, og nota áhættumatið til þess að ákveða tíðni eftirlita.

Farið var yfir áhættumat stöðvarinnar. Niðurstöður áhættumatsins verðar nýttar við endurskoðun áhættumats fyrir malbikunarstöðvar.

6. Rekstraraðili er með vottað umhverfisstjórnunarkerfi (ISO 14001). Umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila fór í gegnum vottun Bureau Veritas í mars sl. Einungis var fundið að fallvörnum við þrýstihylki. Búið er að bæta úr þessu og ættu þrýstihylki ekki að valda hættu lengur. Nokkrar ábendingar voru gerðar sem rekstraraðili bætir úr. Engin mengunaróhöpp hafa orðið í stöðinni og engar kvartanir borist vegna hennar.

7. Farið var í skoðunarferð. Skoðuð voru olíumannvirki á lóðinni og umbúnaður um þau. Virtist allt í góðu lagi. Gengið var um lóðina og skoðaður vatnshalli á lóðinni. Ábending er gerð um að ljúka þarf frágangi á lóð malbikunarstöðvarinnar.

Engin mengunaróhöpp hafa orðið og engar kvartanir vegna rekstursins bárust á árinu 2022.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

ákvæði í grein 4.6 í starfsleyfi.
Umhverfisupplýsingum (grænu bókhaldi)
skal skila fyrir 1. maí ár hvert.

Grænt Bókhald stöðvarinnar barst 30. maí sl.


ÁBENDINGAR

Bent er á að frágangi og fegrun lóðar þarf að ljúka á haustmánuðum..

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 05.09.2023



Gottskálk Friðgeirsson

